



Húsaskráning Siglufjarðar
1 áfangi 2012/13
Uppfært desember 2017





Efnisyfirlit

Húsaskráning Siglufjarðar – 1 áfangi	2
-Húsaskráning – afmörkun svæðis.....	3
-Staðhættir og náttúrufarslegar forsendur byggðar.....	4
-Byggðapróun.....	4
-Staðarímynd.....	14
-Hverfisvernd í aðalskipulagi.....	14
Varðveislumat	16
-Mat á byggðamynstri.....	16
-Varðveislumat heilda.....	20
-Varðveislumat húsa.....	20
-Varðveislumat annarra mannvirkja.....	20
-Varðveislumat bygginga / heilda – kort.....	23
-Varðveislumat annarra mannvirkja – kort.....	24
Byggðapróun - kortagrunnar	25
-Landslag.....	26
-Örnefni.....	27
-Þéttleiki 1913.....	28
-Þéttleiki 1925.....	29
-Þéttleiki 1945.....	30
-Þéttleiki 2011.....	31
-Friðuð hús 2011.....	32
-Byggingarefni húsa.....	33
-Timburhús.....	34
-Steypt hús.....	35
-Stál og önnur efni.....	36
Húsaskráning	37
-Aðalgata.....	38
-Brekkgata.....	67
-Eyrargata.....	69
-Gránugata.....	93
-Grundargata.....	110
-Hafnargata.....	128
-Hávegur.....	140
-Hlíðarvegur.....	159
-Hólavegur.....	194
-Hvanneyrarbraut.....	216
-Hverfisgata.....	248
-Kirkjustígur.....	267
-Laugarvegur.....	275
-Lindargata.....	282
-Lækjargata.....	303
-Mjóstræti.....	320
-Norðurgata.....	322
-Óskarsgata.....	340
-Ránargata.....	342

-Snorragata.....	346
-Suðurgata.....	355
-Tjarnargata.....	388
-Túngata.....	398
-Vallargata.....	427
-Verksmiðjureitur 1	431
-Verksmiðjureitur 2	433
-Verksmiðjureitur 46SR.....	435
-Verksmiðjureitur SRN.....	437
-Vetrarbraut.....	439
-Þormóðsgata.....	451
-Tjaldmiðstöð.....	464
-Hafnarbyggja.....	466
Varðveislumat – samantekt skráninga.....	469

Þessi byggða- og húsaskönnun fjallar um elsta hluta Siglufjarðar og veitir yfirsýn yfir þann bæjarhluta er þar reis fyrst. Könnunin er gerð að frumkvæði Fjallabyggðar og var unnin af Kanon arkitektum 2011-13 með fjárstyrk og ráðgjöf frá Minjastofnun Íslands.

Á vordögum 2017 ákvað Fjallabyggð að láta vinna tillögu að verndarsvæði í byggð fyrir Þormóðseyri. Með vísan í lög um verndarsvæði í byggð nr.87/2015 og reglugerð nr. 575/2016 og að viðhöfðu samráði við Minjastofnun Íslands, var ákveðið að uppfæra húsaskönnun þessa.

Húsaskráning Siglufjarðar - 1 áfangi

Samkvæmt 37 gr. Skipulagslaga nr.123 / 2010 er sveitarfélögum skylt að láta framkvæma byggða- og húsakannanir m.a. vegna deiliskipulagsgerðar á þegar byggðum svæðum.

- **Markmið byggða- og húsakannanna er að draga upp heildarmynd af núverandi byggð eða einstökum húsum.**
- **Tilgangur slíkra skráninga er að tryggja að ákvarðanir um breytingar á byggð eða einstökum húsum séu teknar með þekkingu á gildi því sem þau hafa fyrir umhverfi sitt og komandi kynslóðir.**
- **Á grundvelli niðurstöðu könnunarinnar er mótuð stefna um vernd sérstakra gæða byggðar og bygginga.**

Vinna við gerð byggða- og húsakönnunar fyrir Fjallabyggð hófst í júlí 2011 í kjölfar styrkveitingar frá Húsafriðunarnefnd og lögbundis mótframlags frá Fjallabyggð. Upphaflegar áætlanir gerðu ráð fyrir að vinna vegna byggða- og húsakönnunar yrði gerð samtímis fyrir Ólafsfjörð og Siglufjörð en fljótlega varð ljóst að umfang verksins væri það mikið að óraunhæft væri að vinna báða staðina samtímis. Í samráði við Húsafriðunarnefnd var því ákveðið að áfangaskipta verkinu og einblína í fyrsta áfanga á húsaskráningu fyrir elsta hluta Siglufjarðar. Jafnframt var ákveðið að leggja mesta áherslu á almenna skráningu einstakra mannvirkja og leggja minni áherslu á sögu þeirra. Einstakir hlutar skráningarsvæðisins verða greindir frekar eftir því sem þörf er fyrir. Samtals er um að ræða rétt tæplega 400 húsaskráningar í þessum fyrsta áfanga en heildarfjöldi mannvirkja á Siglufirði er líklega um 500. Gert er ráð fyrir að húsaskráning vegna Ólafsfjarðar verði á svipuðum nótum. Kanon arkitektar ehf hafa annast skráningu, kortavinnslu og gerð þessarar skýrslu.

Fyrstu drög þessarar skýrslu voru afhend yfirstjórn Fjallabyggðar í lok nóvember 2012. Í lok þess árs sameinuðust Fornleifavernd ríkisins og Húsafriðunarnefnd í nýrri stofnun, Minjastofnun Íslands með lögum um menningarminjar nr. 80/2012, og gildistöku 1. janúar 2013. Samkvæmt þessum nýjum lögum starfar húsafriðunarnefnd áfram en margvísleg ný ákvæði eru sett inn sem hafa áhrif á húsaskráningu Fjallabyggðar. T.a.m. eru öll hús 100 ára og eldri sjálfkrafa friðuð. Mannvirki sem ekki njóta friðunar og voru reist 1925 eða fyrr ber að leita álits Minjastofnunar varðandi allar breytingar. Kirkjum byggðum 1940 eða fyrr má heldur ekki breyta án samráðs við Minjastofnun. Að viðhöfðu samráði við

HÚSASKRÁNING FJALLABYGGÐAR

1. ÁFANGI - SIGLUFJÖRDUR



HÚSASKRÁNING

- AFMÖRKUN SVÆDIS
- SKRÁÐAR BYGGINGAR

Minjastofnun og Fjallabyggð var ákveðið að uppfæra húsaskráningarskýrsluna þannig að hún verði í samræmi við ný lög.

Staðhættir og náttúrufarslegar forsendur byggðar.

Siglufjörður er nyrsti kaupstaður Íslands. Fjörðurinn liggur með suðvestur-norðaustur stefnur inn í Tröllaskaga. Brattir fjallgarðar allt að 900m háir mynda áhrifamikla umgjörð og undirlendi er fremur lítið nema í botni fjarðarins þar sem Fjarðará rennur. Bæjarstæðið er vestan megin fjarðarins. Megin hluti þess er Eyrin flatlendi u.þ.b. 2,4 ha (400 x 600 m) að stærð og liggur hún fremur lágt miðað við sjávarmál. Eyrin myndar einnig mjög góð hafnarskilyrði til suðurs. Veðurfar einkennist af talsverðum öfgum. Svæðið er eitt það snjóþyngsta á landinu, háir fjallgarðar verja byggðina fyrir austan og sunnan áttum en norðaustlægar hafáttir geta verið mjög sterkar. Snjóflóðahætta er mikil á svæðinu og á síðustu árum hefur verið unnið að gerð mjög öflugra snjóflóðavarnagarða og uppsetningu snjóflóðavarnagirðinga. Því verki er enn ekki lokið. Stærstur hluti bæjarstæðisins varð til með náttúrulegum hætti en manngerðar jarðvegsfyllingar eru í jöðrum Eyrarinnar. Jarðvegur svæðisins er almennt frekar rýr, kaldur og blautur með lágt hlutfall lífrænna efna sem gerir alla ræktun erfiða.

Byggðapróun.


Í sögubókum er stundum fjallað um tvö landnám norðmanna á Siglufirði. Það fyrra er kennt við landnámsmanninn Þormóð ramma sem settist að á Siglunesi við utanverðan Siglufjörð í kringum árið 900. Hann gaf firðinum nafn og þess má geta að nokkur staðarnöfn voru og eru kennd við Þormóð sjálfan. Síðara landnámið hófst upp úr aldamótunum 1900 þegar norskir sjómenn settust að á Siglufirði vegna mikilla síldveiða undan norðurlandi. Verslun er talin hafa byrjað um 1818 á Þormóðseyri við Siglufjörð. Hákarlaveiðar og hákarlaúrgerð var öflug á Siglufirði fram undir lok 19 aldar. Smám saman hvarf Þormóðseyri úr mæltu máli og Eyri tók við, síðar Siglufjarðareyri. Þann 20. maí 1918 öðlaðist Sigluförður kaupstaðarréttindi.

Merkilegasti kaflinn í sögu Siglufjarðar snýst vafalítið um síldina. Landfræðileg lega fjarðarins ásamt góðum hafnarskilyrðum gera Siglufjörð að einni bestu verstöð landsins. Þegar aðkomumenn tóku að streyma til bæjarinnar vegna síldarinnar fóru bryggjur að rísa, hús voru byggð, götur lagðar. Íslendingar tóku síðan smá saman yfir veiðar og vinnslu. Séra Bjarni Þorsteinsson setti mark sitt á þróun Siglufjarðar strax í upphafi 20.aldar og er

oft kallaður „faðir” Siglufjarðar. Auk þess að vera prestur og tónskáld, hafði hann mikinn áhuga á velferðarmálum og ekki síst skipulagsmálum staðarins. Hann hafði m.a. forgöngu um tengingu síma (1910), lagningu vatnsveitu (1911) og rafmagn var leitt til bæjarins 1913. Séra Bjarni átti mikinn þátt í því að Siglufjörður fékk kaupstaðarréttindi 1918. Bjarni fæddist 1861 og kom til Siglufjarðar 27 ára gamall, þá nývígður og skipaður sóknarprestur fyrir Hvanneyrar- og Kvíabekkjarsóknir.



Skipulagsuppráttur sr. Bjarna Þorsteinssonar 1888. Fimmtán árum fyrir seinna landnám norðmanna.




Skipulagsuppráttur sr. Bjarna Þorsteinssonar 1918 . Fimmtán árum eftir seinna landnám norðmanna.

Árið 1921 setti Alþingi lög um skipulag kauptúna og sjávarþorpa. Í kjölfarið skipaði Alþingi sérstaka skipulagsnefnd sem í átta sæti Guðmundur Hannesson læknir Guðjón Samúelsson arkitekt og Geir G Zoëga verkfræðingur og vegamálastjóri. Nefndin hóf þegar vinnu við að setja fram áætlanir um úrbætur í skipulags og byggingamálum í helstu þéttbýliskjörnum landsins. Þrátt fyrir öra fólksfjölgun og mikil umsvif virðist nefndin þó ekki hafa séð þörf fyrir úrbætur á Siglufirði og í raun má segja að afskipti nefndarinnar af

skipulagsmálum bæjarins hafi ekki hafist af alvöru fyrr en ákvörðun um byggingu nýrrar kirkju var tekin 1925. Þetta sýnir e.t.v. hversu miklu sr. Bjarni hafði þegar áorkað í skipulagsmálum fyrir Siglufjörð. Guðmundur Hannesson var engu að síður gagnrýninn á skipulag sr. Bjarna, einkum hið þéttriðna net samsíða gatna sem er einkennandi fyrir skipulagið og var nýlunda héraendis. Í riti sínu „Um skipulag bæja” (1916) segir Guðmundur m.a. *Nýju göturnar sýnast gerðar með reglustiku, sumir húsreitir of litlir, aðrir of stórir og húsum skipað mjög óhentuglega á mörgum reitunum.* Guðmundur hefur rétt fyrir sér að ýmsu leiti. Helsti gallinn við skipulag sr. Bjarna er að það er ekki nægilega heildstætt. Göturnar hafa t.a.m. ekki skýran endapunkt, þær loka m.ö.o. ekki göturýmum. Það má einnig efast um þá ákvörðun að leggja út gatnakerfi sem er opið fyrir ríkjandi vindáttum. Siglufjörður var á þessum tíma 6 fjölmennasta sveitarfélag landsins. Skipulagsnefnd ríkisins setti fram tillögu að heildarskipulagi fyrir Siglufjörð 1933 og var það staðfest af ráðherra. Endurskoðað skipulag var síðan staðfest 1936 eftir miklar deilur milli heimamanna og skipulagsnefndar.



Skipulagið 1929.



Staðfest skipulag 1936 (Skipulagsnefnd ríkisins)

Hraður vöxtur bæjarins á fyrri hluta 20 aldar endurspegladi góða afkomu í síldarútvegi og það kom fyrir að fimmtungur landsframleiðslu kæmi frá Siglufirði á þessum árum. Ævintýrið hélt áfram eftir seinna stríð og um 1950 voru um 3100 manns með lögheimili á Siglufirði. Fjöldi farandverkafólks streymdi einnig til Siglufjarðar fyrir hverja vertíð og

dæmi eru um að íbúatalan hafi farið í 6000 manns. Atgangurinn var því mikill og eiga margir núlifandi Íslendingar góðar minningar frá þessum tíma. Með brotthvarfi síldarinnar í lok sjötta áratugarins tók við tímabil stöðunar og fólksfækkunar. Ekki var nóg með að síldin hyrfi að mestu því velmegun fyrri ára hafði stóraukið vélvæðingu í sjávarútvegi sem dró verulega úr starfsmannþörf. Nokkuð öflug togaraútgerð var á Siglufirði eftir 1970 og loðnubræðsla var stunduð í gömlu síldarbræðslunni. Rækjuvinnsla varð síðar nokkuð öflugur þáttur í útgerðarsögu Siglufjarðar en þeirri sögu lauk undir lok 20 aldar þegar rækjustofninn hrundi að mestu.



Siglufjörður um 1946

Um og eftir aldamótin 2000 hófst nýr kafli í sögu Siglufjarðar. Á þessum tíma voru sveitarfélögin að yfirtaka rekstur á margskonar grunnþjónustu sem ríkið hafði áður haft með að gera. Þessi breyting framkallaði einnig umræður um sameiningu smærri sveitarfélaga. Í kjölfar íbúakosningar árið 2006 sameinuðust Siglufjörður og Ólafsfjörður í sveitarfélagið Fjallabyggð. Segja má að sameiningin hafi verið innsiglið 2010 með tilkomu Héðinsfjarðarganga. Tilgangur þeirra er að tengja Siglufjörð og Ólafsfjörð betur saman og styrkja tengsl Fjallabyggðar við Eyjafjarðarsvæðið. Héðinsfjarðargöngin tengja

Siglufjörð við hringveginn svo hann er ekki lengur endastöð eins og hann hefur verið í gegnum tíðina. Samþykkt aðalskipulag fyrir sameinað sveitarfélag tók gildi 2008.

Uppbygging ferðaþjónustu sem byggir m.a. á iðnaðarsögu bæjarins er vaxandi atvinnugrein í efnahag og menningu Siglufjarðar og er mikilvæg viðbót við sjávarútveginn sem þrátt fyrir allt er enn undirstaða atvinnulífsins á staðnum. Tilkoma Síldarminjasafnsins glæddi áhuga manna á sögu staðarins og menn áttuðu sig smám saman á að mikil menningarsöguleg verðmæti voru enn til staðar. Mörg mannvirki hafa glatast en með áráðni og þrautsegju heimamanna hefur tekist að varðveita margar merkilegar byggingar auk margvíslegs búnaðar tengdum síldarvinnslu. Fullyrða má að hugarfarsbreyting hafi orðið gagnvart verndun menningarminja s.s. atvinnuhúsnaðis, íbúðarhúsa og hverfisheilda.



Síldarminjasafnið – Róaldsbrakki

Staðarímynd

Byggðapróun á Siglufirði var nokkuð ólík því sem varð í öðrum sjávarplássum á Íslandi, einkum á fyrri hluta 20 aldar. Próunin var ýktari á flestum sviðum mannlífsins og hefur ris og hnignun bæjarbrags óvída verið með sambærilegum hætti og gerðist á Siglufirði. Núverandi byggð endurspeglar þróunarsögu Siglufjarðar og varðveitir margvíslegar upplýsingar s.s minjar, kennileiti og örnefni í landslaginu. Söguleg og veraldleg verðmæti



YFIRBRAGÐ BYGGÐAR

timburhúsin - verndun og endurbætur

Aðalgata 18 - endurgert í samvinnu við Húsafríðunarnefnd



Aðalgata 27 - fríðað 1977



Norðurgata 1 - endurgert í samvinnu við Húsafríðunarnefnd



Norðurgata 3 - fríðað 1977



Snorragata 16 - fríðað 1977



YFIRBRAGÐ BYGGÐAR

byggingalist

Dæmi um byggingalist frá öðrum áratug 20 aldar



Dæmi um byggingalist frá þriðja áratug 20 aldar



Dæmi um fjölbýlishús frá þriðja áratug 20 aldar



Dæmi um iðnaðarhúsnæði frá fjórða áratug 20 aldar



YFIRBRAGÐ BYGGÐAR

götumyndir

Horft norður Lindargötu og Suðurgötu



Horft austur Þormóðsgötu



Horft austur yfir Eyrargötu



Horft austur yfir Aðalgötu




YFIRBRAGÐ BYGGÐAR

"siglfirski gaflinn"



Eitt af því sem einkennir mörg steinsteypthús á Siglufirði frá þriðja áratug 20 aldar er hvernig gaflveggir þeirra eru teknir upp fyrir þakið. Ekki er ólíklegt að hér sé um að ræða áhrif frá Reykjavík en mörg hús með gaflsveigðum brúnum voru reist fyrir efnameiri fjölskyldur frá 1912 í vesturhluta miðborgarinnar. Eins og skýringarmyndin sýnir eru gaflbrúnirnar yfirleitt kantaðar í siglfirsku húsunum en ekki sveigðar eins og algengara var í Reykjavík. Þessi still er talinn eiga uppruna sinn í dönsku nýbarokki.



Staðarímynd


Byggðaðpróun á Siglufirði var nokkuð ólík því sem varð í öðrum sjávarplássum á Íslandi, einkum á fyrri hluta 20 aldar. Próunin var ýktari á flestum sviðum mannlífsins og hefur ris og hnignun bæjarbrags óvída verið með sama hætti og gerðist á Siglufirði. Núverandi byggð endurspeglar þróunarsögu Siglufjarðar og varðveitir margvíslegar upplýsingar s.s minjar, kennileiti og örnefni í landslaginu. Söguleg og veraldleg verðmæti einstakra húsa eru mismikil en öll skipta þau máli fyrir heildarmyndina. Skipulag Eyrarinnar á sér t.a.m. fáar hliðstæður á Íslandi. Net samsíðna gatna einkennir gatnaskipulagið og húsin sitja á lóðamörkum við gangstéttar og verða þannig virkur hluti götumyndarinnar. Þessi húsaskráning er liður í því að tryggja að framtíðarpróun byggðar á Siglufirði taki mið af þessum sögulega bakgrunni. Það ánægjulega er að heimamenn hafa sjálfir haft forgöngu um að blása nýju lífi í gamlar glæður og festa þar með staðarímyndina í sessi um ókomna tíð.

Hverfisvernd í Aðalskipulagi

Í stefnumiðum núgildandi aðalskipulags er stefnt að þéttingu byggðar. Þar kemur einnig fram að leggja skuli áherslu á verndun og endurgerð gamalla húsa í sveitarfélaginu. Brýnt er að gera heilðræna húsakönnun fyrir elstu byggð í bæjarfélaginu til að varpa ljósi á hana og koma í veg fyrir að mikilvægur byggingararfur glatist. Þegar unnið er deiliskipulag í þegar byggðu hverfi skal lagt mat á varðveislugildi svipmóts byggðar og einstakra bygginga sem fyrir eru, þannig að breytingar á byggð eða einstökum húsum séu teknar með þekkingu á gildi því sem þau hafa fyrir umhverfi sitt og komandi kynslóðir.

Byggða- og húsakönnun er mikilvæg til að uppfæða íbúa um umhverfi og byggingararfleifð í sínu bæjarfélagi og til stofnunar vettvangs fyrir áhugasama. Hún er einnig grunnur og hvatning til umsóknar styrkja frá Minjastofnun til að gera upp merkileg hús.

Í núgildandi aðalskipulagi Siglufjarðar (Fjallabyggð 2008-2028) er afmarkaður reitur vegna hverfisverndar og liggur hann innan skoðunarsvæðis þessarar húsakönnunar. Um er að ræða núverandi íbúðasvæði á miðsvæði eyrarinnar og afmarkast reiturinn af Grundargötu í vestri, Aðalgötu í suðri, Norðurgötu í austri og Eyrargötu í norðri (sjá mynd). Hugtakið hverfisvernd er sérstakt ákvæði í svæðis- aðal- eða deiliskipulagi um verndun sérkenna eldri byggðar eða annara menningarsögulegra minja, náttúruminja eða trjágróðurs án þess að um lögformlega friðun sé að ræða.



Siglufjörður, hluti staðfests aðalskipulags 2008 – 2028 (Teikn – ráðgjöf og hönnun)



Reitur með hverfisvernd samkvæmt núgildandi aðalskipulagi (ljósblár reitur).

Varðveislumat.

Mat á byggðamynstri


Skráningarsvæðinu má skipta í tvennt eftir landslagseinkennum bæjarstæðisins;

Eyrin – eða Þormóðseyri er flatlendi með reglubundið grunnskipulag gatna og nokkuð heillegar götumyndir. Hér ægir saman stórum atvinnumannvirkjum og litlum íbúðarhúsum frá upphafi byggðar í Siglufirði til okkar tíma. Hér liggur mikil saga innan um hafnsækna starfsemi. Þetta er menningarlandslag sem vert er að varðveita, styrkja og efla.

Aðgengi almennings að sjónum er einkum að sunnan verðu við smábátahöfnina og norðan megin um sandfjöru. Hafnarstarfsemi er annars ríkjandi þáttur með takmörkuðu aðgengi almennings. Segja má að allt annar mælikvarði einkenni hafnarsvæðin og að sum mannvirkin hafi neikvæð áhrif á yfirbragð byggðar.

Skörp hæðarskil eru á milli Eyrarinnar og hlíðarinnar. Til vesturs tekur við talsverður landhalli sem hefur mikil áhrif á skipulag byggðar. Áhrifasvæði snjóflóðamannvirkja er ofan við byggðina. Þessar framkvæmdir hafa stuðlað að bættu aðgengi almennings um hlíðina ofan byggðar. Samfelldar götumyndir eru ekki jafn áberandi en þyrpingar bygginga frá mismunandi tímasteiðum eru vissulega til staðar. Æskilegt væri að varðveita og styrkja þessar þyrpingar því þær gefa góða mynd af þróun bæjarins á 20 öld.

Siglufjarðarkirkja er án efa helsta kennileiti bæjarins. Segja má að hún bindi saman Eyrina og hlíðina með afgerandi hætti. Þá hefur Róaldsbrakki unnið sér sess sem ímynd Síldarminjasafnsins.



EYRIN
 RÍKJANDI GÖTUMYND


YFIRBRAGÐ BYGGÐAR.

Byggðin hefur vaxið út frá tiltölulega láglendri eyri upp í hlíðina þar fyrir ofan, bæði til suðurs og norðurs. Eyrin er því elsti bæjarhlutinn en yngri svæðin standa utar og innar í hlíðinni. Það sem einkennir svæðið í dag er net samsíða gatnakerfis þar sem hús standa þétt við gangstéttar beggja megin götu. Garðrými eru því á baklóðum og milli bygginga. Algengasta form íbúðabygginga er einnar hæðar hús með hálfniðurgröfnum kjallara og risi.

Þéttbýlismyndun á eyrinni hefst í upphafi 20 aldar og er endanlega fest í sessi 1918 þegar sr. Bjarni Þorsteinsson setur fram heildstætt skipulag fyrir Siglufjörð. Hverfisreitirnir eru misstórir en flestir eru á bilinu 50x130 metrar. Lóðir innan þessara reita eru misstórar en algeng dýpt þeirra er 25 metrar. Húsin standa þétt við gangstéttar og framkalla með því tiltölulega skýrt afmarkað göturými sem einkennir jafnan gott bæjarrými. Gangstéttar eru misbreiðar og yfirleitt ekki meira en 2 metra breiðar. Lóðir eru almennt fátækar af trjágróðri og virðist því vera talsvert af vannýttu rými á milli húsanna.

Tengsl byggðar við sjóinn eru helst sunnan megin við smábátahöfnina. Sjávarmegin í jöðrum íbúðabyggðarinnar eru stórar einsleitar skemmubyggingar tengdar sjávarútvegi fyrirferðamiklar. Meðfram Aðalgötu eru nútímalegar steinsteyptar byggingar eins til fjögurra hæða fyrir verslun og þjónustu sem vitna til um stórhug fyrri tíma. Innan um þessa umgjörð stáls og steypu sitja síðan litlu timburhúsin sem í krafti fjöldans gera þetta svæði skemmtilegt og áhugavert.

Siglufjarðarkirkja er helsta kennileiti bæjarins þar sem hún lokar ás Aðalgötu til vesturs. Ofan hennar er brött hlíðin með öflugum snjóflóðavarnargörðum og þar ofan við 680 metra há Hafnarhyrnan.



Snið um Aðalgötu og til vesturs upp hlíðina

HÚSASKRÁNING FJALLABYGGÐAR

1. ÁFANGI - SIGLUFJÖRÐUR



Niðurstaða varðveislumats heilda.

Eyrin / Þormóðseyri.

Reitur sem afmarkast af Aðalgötu, Grundargötu, Eyrargötu og Norðurgötu nýtur hverfisverndar samkvæmt núgildandi aðalskipulagi.

Æskilegt er að þetta svæði verði útvíkkað svo styrkja megi miðbæjarsvæðið m.a. á forsendum þessarar húsaskráningar. Aðalgata, Eyrargata, Túngata, Lækjargata, Grundargata, Norðurgata og Vetrarbraut mynda kerfi reita eða hverfisheilda þar sem (nokkuð) samfelld götumynd er einkennandi.

Gránugata, Þormóðsgata og Tjarnargata eru jaðargötur þessarar hverfisheilda en hafa alla burði til þess að verða hluti þessa miðsvæðis (sjá kort).

Hlíðin.

Sex þyrpingar húsa eru skilgreindar hér og er lagt til að sérstaklega verði hugað að varðveislunni þeirra og styrkingu í framtíðinni. Mannvirki sem standa við og/eða tilheyra eftirfarandi götum falla undir þessa skilgreiningu.

- Túngata (nyrsti hluti), Hvanneyrarbraut og Mjóstræti þar vestur af.
- Mót Hlíðarvegar, Þormóðsgötu ásamt Vallargötu.
- Kirkjustígur, og kafli Lindargötu þar við.
- Lindargata (suður) við mót Suðurgötu.
- Hafnargata (norður) við mót Suðurgötu.
- Safnasvæði Síldarminjasafnsins við Snorragötu

Einstök mannvirki á vegum Síldarminjasafnsins við Snorragötu hafa mismikið vægi í þessari könnun. Vegna eðlis starfseminnar þá þykir rétt að flokka svæðið sem eina heild. Það fellur því undir hatt varðveisluverðrar heildar.

Niðurstaða varðveislumats húsa.

Yfirlit og einstakar skráningar húsa eru hér á eftir.

Niðurstaða varðveislumats annarra mannvirkja.

Þetta á við um samgöngumannvirki, hleðslur, garðveggi og slippi o.fl. Lagt er til að eftirfarandi mannvirki falli undir hverfisvernd í deiliskipulagi (rautt).

Dæmi um aðlögun mannvirkja í bratt land á 20 öld.

- Steyptur lóðaveggur við Lindargötu (mót Lindargötu 12). Húsið stendur ekki lengur en veggurinn gefur góða hugmynd um metnað og velmegun á fyrri hluta 20 aldar.
- Göngustígur / tröð milli Suðurgötu og safnasvæðis Síldarminjasafnsins. Haganlega gerð gönguleið í miklum bratta – styrkt með grjótkápu.
- Steyptur lóðaveggur gamla kirkjugarðsins. Steyptur U laga veggur í bröttu landi. Óvenjulega hár og öflugur. Dæmi um stórhug og velmegun á fyrri hluta 20 aldar.
- Slippurinn við Tjarnargötu. Vel varðveitt mannvirki með mikla sögu.



Lóðaveggur austur af Hverfisgötu 21

Slippurinn



Tröð milli Snorragötu og Suðurgötu



Lóðaveggur gamla kirkjugarðsins




Lóðaveggur austan Lindargötu






HÚSASKRÁNING FJALLABYGGÐAR




1. ÁFANGI - SIGLUFJÖRÐUR




NÍÐURSTADA
VARÐVEIÐSAMATS BYGGINGA / HEILDA

-  FRIDLÝST HÚS FYRIR 2017
-  FRIDUÐ HÚS SBR LÖG NR 80/2012
-  UMSAGNARSKYLD HÚS SBR LÖG NR 80/2012

NÍÐURSTADA
VARÐVEIÐSAMATS BYGGINGA / HEILDA

-  HVERFISVERND SKV NÚGILDANDI
AÐALSKIPULAGI
-  EINSTÖK HÚS OG HÚSARADIR
OG GÖTUMYNDIR
-  VARÐVEIÐLUVERÐAR
SAMSTÆÐUR HÚSA OG HEILDIR



HÚSASKRÁNING FJALLABYGGÐAR

1. ÁFANGI - SIGLUFJÖRÐUR



VARÐVEISLUMAT GARDVEGGJA OG STÍGA

 STEYPTIR VEGGIR, HLEDSLUR OG STÍGAR MED VARÐVEISLUGILDI

0 50 100m




BYGGÐAÞRÓUN

KORTAGRUNNAR




HÚSASKRÁNING FJALLABYGGÐAR 1. ÁFANGI - SIGLUFJÖRÐUR




LANDSLAG

BLÁ LÍNA SÝNIR ÁÆTLAÐA STRANDLÍNU UM 1900



HÚSASKRÁNING FJALLABYGGÐAR 1. ÁFANGI - SIGLUFJÖRDUR



Hvanneyrarhjúkur

Þrygkjará og uggfákur

Hvanneyrarhlíð

Hvanneyrarskál

Skálarbrún

Hvanneyraró

Hafnarhyrna

Ytri-Gimbraklettur

Mið-Gimbraklettur

Syðsti-Gimbraklettur

Eyri Þormóseyri

Fifladalur

Fifladalsgil

Neðri-höfn

Ytra-Skriðulækjargil

Mið-Skriðulækjargil

Syðra-Skriðulækjargil

Hafnarlækur

Tanginn


Hafnarfjall

Stóri-boli

Nautskálabólar


Litli-boli

HELSTU ÖRNEFNI



HÚSASKRÁNING FJALLABYGGÐAR

1. ÁFANGI - SIGLUFJÖRÐUR



ALDUR HÚSA OG ÞÉTTLEIKI FRAM TIL 1917


 BYGGT FYRIR 1917

 ÁETLUD STRANDLÍNA UM 1900



HÚSASKRÁNING FJALLABYGGÐAR

1. ÁFANGI - SIGLUFJÖRÐUR



ALDUR HÚSA OG ÞÉTTLEIKI BYGGÐAR FRAM TIL 1925

 BYGGT MILLI 1917 OG 1925

 BYGGT FYRIR 1917

 ÁÆTLUÐ STRANDLÍNA UM 1900

0 50 100m

HÚASKRÁNING FJALLABYGGÐAR

1. ÁFANGI - SIGLUFJÖRÐUR



HÚSASKRÁNING FJALLABYGGÐAR

1. ÁFANGI - SIGLUFJÖRÐUR



ALDUR MANNVIRKJA 2017

- BYGGT EFTIR 1945
- BYGGT MILLI 1925 OG 1945
- BYGGT MILLI 1917 OG 1925
- BYGGT FYRIR 1917
- BYGGT Á ÝMSUM TÍMA

0 50 100m

HÚSASKRÁNING FJALLABYGGÐAR

1. ÁFANGI - SIGLUFJÖRDUR



FRÍÐLÝST HÚS FYRIR 2017



HÚSASKRÁNING FJALLABYGGÐAR

1. ÁFANGI - SIGLUFJÖRÐUR



BYGGINGAREFNI HÚSA

- TIMBURHÚS Á STEYPTUM GRUNNI
- STEYPT
- STÁLGRINDARBYGGING
- ANNAD


HÚSASKRÁNING FJALLABYGGÐAR

1. ÁFANGI - SIGLUFJÖRÐUR



BYGGINGAREFNI HÚSA

 TIMBURHÚS Á STEYPTUM GRUNNI




HÚSASKRÁNING FJALLABYGGÐAR

1. ÁFANGI - SIGLUFJÖRÐUR



BYGGINGAREFNI HÚSA

STEYPT



HÚSASKRÁNING FJALLABYGGÐAR

1. ÁFANGI - SIGLUFJÖRÐUR



BYGGINGAREFNI HÚSA

- STÁLGRINDARBYGGING
- ANNAD



HÚSASKRÁNING



Fyrsti eigandi Olaf Henriksen (?)

Upphafleg notkun Íbúðarhús

Hönnun Ókunnur



2011. Ásýnd frá Aðalgötu



2011. Ásýnd frá Tjarnargötu

Upphafleg gerð húss

Tegund	Timbur, bindingur
Klæðning	Bárujárn
Þakgerð	Gaflsneitt þak
Þakklæðning	Bárujárn
Undirstaða	Steinsteypt
Útlit	Tvilyft Ris Kvistir Útskot Geymsla

Helstu breytingar

1989	Útlitsbreyting
1995	Viðbygging/tillaga

Hönnuðir breytinga

Bjarki Árnason
Inga Björk Dagfinnssdóttir arkitekt

Saga

Jafnan íbúðarhús en þó eru heimildir um veitingastofu (Gullfoss) líklega uppúr 1940. Einnig eru líkur á að í húsinu hafi verið starfrækt skóvinnustofa Óskars Guðlaugssonar.

Varðveislumat

Byggingarlist	Reisulegt hús með dönskum áhrifum
Menningarsögulegt gildi	Íbúðarhúsnæði, veitingahús og skóvinnustofa
Umhverfisgildi	Hluti götummyndar og hverfisheildar
Upprunaleiki	Upprunaleiki er mikill
Ástand	Þokkalegt
Varðveislugildi	Hefur varðveislugildi vegna byggingarlistar, menningarsögu og umhverfis

Niðurstaða varðveislumats:

Varðveisluverðar samstæður húsa og heildir. Lagt er til að vernda með hverfisvernd í deiliskipulagi (rautt)

Fyrsti eigandi Halldór Jónasson

Hönnun Ókunnur

Upphafleg notkun

Íbúðarhús
Verslun

Suðvesturhliðar á fyrri hluta 20 aldar



2011 Suðvesturhliðar

Upphafleg gerð húss

Tegund	Timbur, bindingur
Klæðning	Timbur
Þakgerð	Valmaþak
Þakklæðning	Bárujárn
Undirstaða	Steinsteypt
Útlit	Tvílyft Útitróppur Svalir

Helstu breytingar

1988	Bílskúr
?	Útlitsbreyting

Hönnuðir breytinga

Þ.J.
Óljóst

Saga

Halldór Jónasson bjó með konu sinni Kristínu Hafliðadóttur á efri hæð hússins ásamt börnum sínum Kristni, Huldu, Mattheu, Hafliða og Petrínu. Síðar býr Kristinn Halldórsson í húsinu ásamt Ingibjörgu Karlsdóttur og dóttur þeirra Guðnýju Dóru. Fjölskyldan rak einnig um tíma verslun að Aðalgötu 4.

Varðveislumat

Byggingarlist	Upprunalega vel útfærð bygging síns tíma
Menningarsögulegt gildi	Íbúðarhús og verslun
Umhverfisgildi	Hluti götummyndar og hverfisheildar
Upprunaleiki	Mikið breytt frá upprunalegu útliti - s.b.r. mynd
Ástand	Gott ástand
Varðveislugildi	Hefur varðveislugildi vegna byggingarlistar, menningarsögu og umhverfis

Niðurstaða varðveislumats:

Húsið er friðað sbr lög um menningarminjar nr 80/2012. Lagt er til hverfisvernd í deiliskipulagi (bleikur)

Fyrsti eigandi Ókunnur

Hönnun Ókunnur

Upphafleg notkun

Geymsla

Bílskúr

Annað



Glittir í Aðalgötu 4 fyrir vinstra megin við Aðalgötu 2



2011 Ásýnd frá Aðalgötu

Upphafleg gerð húss

Tegund Timbur, bindingur

Klæðning Timbur

Þakgerð Risþak

Þakklæðning Bárújárn

Undirstaða Steinsteyp

Útlit

Helstu breytingar**Hönnuðir breytinga****Saga**

Var verslunarhús sem rekið var af Kristni Halldórssyni og konu hans. Kenning er uppi að verslunin hafi borið nafnið B-deildin en þar var verslað með vefnaðarvöru, fatnað og skótau. Vitað er um trésmíðaverkstæði í húsinu rekið af Hauki Freysteinssyni löngu síðar.

Varðveislumat

Byggingarlist

Nýleg bygging á gömlum grunni. Útlit er ekki í samræmi við yfirbragð Aðalgötu

Menningarsögulegt gildi

Verslun, geymsluhúsnæði og smáiðnaður

Umhverfisgildi

Fellur ekki vel að núverandi götumynd og hverfisheild.

Upprunaleiki

Mjög mikið breytt

Ástand

Gott

Varðveislugildi

Hefur e.t.v. varðveislugildi vegna menningarsögu.

Niðurstaða varðveislumats:

Húsið er friðað sbr lög um menningarminjar nr 80/2012. Lagt er til hverfisvernd í deiliskipulagi (bleikur)

Fyrsti eigandi Ókunnur
Hönnun Ókunnur

Upphafleg notkun Íbúðarhús
Verslun



Aðalgata 6 frá miðhluta 20 aldar



2011. Ásýnd frá Aðalgötu

Upphafleg gerð húss

Tegund Timbur, bindingur
Klæðning Múrsléttað
Þakgerð Portbyggt ris
Þakklæðning Bárújárn
Undirstaða Steinsteyp
Útlit Einlyft
Kjallari
Kvistir
Ris
Úttröppur
Útskot
Smíðaverkstæði

Helstu breytingar

Hönnuðir breytinga

Saga

Skúrinn á baklóð er byggður 1920. Fram til 1960 er húsið eingöngu nýtt sem íbúðarhús. Nýja Kjötþúðin var rekin í kjallaranum um skeið og eftir það var þar einnig fiskþúð, fatahreinsun og skartgripaverslun.

Varðveislumat

Byggingarlist Reisuleg bygging í góðum hlutföllum frá fyrri hluta 20 aldar.
Menningarsögulegt gildi Íbúðarhús og verslun
Umhverfisgildi Hluti götummyndar og hverfisheildar.
Upprunaleiki Húsið er forskalað í dag. Óvíst er um upprunalegt útlit.
Ástand Þarfnast viðhalds.
Varðveislugildi Hefur varðveislugildi vegna byggingalistar, menningarsögu og umhverfis.

Niðurstaða varðveislumats:

Húsið er friðað sbr lög um menningarminjar nr 80/2012. Lagt er til hverfisvernd í deiliskipulagi (bleikur)

Fyrsti eigandi Óskar Halldórsson

Hönnun Óljóst

Upphafleg notkun Vöruheymsla, frystihús,
vélsmiðja

Frá fyrri tíð - horft suður eftir Vetrarbraut



2011 Suðausturhliðar

Upphafleg gerð húss

Tegund	Steinsteypt
Klæðning	Ómúrað
Þakgerð	Mænisþak
Þakklæðning	Bárujárn
Undirstaða	Steinsteypt
Útlit	Tvílyft

Helstu breytingar

Hönnuðir breytinga

Saga

Varðveislumat

Byggingarlist	Iðnaðarhúsnæði. Síðari tíma viðbygging rýrir varðveislugildi
Menningarsögulegt gildi	Vélahúsnæði / frystihús / geymsluhúsnæði
Umhverfisgildi	Byggingin liggur þétt norðan mannvirkja við Aðalgötu
Upprunaleiki	Líklega eitthvað breytt. Viðbygging til norðurs
Ástand	Lélegt
Varðveislugildi	Hefur varðveislugildi vegna atvinnusögu

Niðurstaða varðveislumats:

Varðveisluverðar samstæður húsa og heildir. Lagt er til að vernda með hverfisvernd í deiliskipulagi (gult)

Fyrsti eigandi KEA í samvinnu við Kaupfélag Siglufrjóðar.

Hönnun Jón Geir Ágústsson

Upphafleg notkun

Verslun
Vörugæymsla



1963 Fyrirhuguð nýbygging KEA



2011. Ásýnd frá Aðalgötu

Upphafleg gerð húss

Tegund	Steinsteypt
Klæðning	Múrsléttað
Þakgerð	Einhalla
Þakklæðning	Bárujárn
Undirstaða	Annað
Útlit	Einlyft

Helstu breytingar

Hönnuðir breytinga

Saga

Upphaflega stóð þarna á lóð númer 7 bygging sem var bæði íbúðarhús og verslun. Það hús brann rétt fyrir 1950. KEA byggir síðan núverandi hús á lóð númer 7B fyrir sölu mjólkurvara. Húsasmiðjan rak miklu síðar verslun um tíma í húsinu. Á milli Aðalgötu 5 og 7 stóð lengi lítil bygging þar sem rekin var matvöruverslun til margra ára (sjá mynd). Þessi bygging átti að verða hluti af stórrí nýbyggingu eftir Einar Jóhannsson (sjá fylgiskjal númer 2913).

Varðveislumat


Byggingarlist	Hálfbyggt hús í anda modernisma
Menningarsögulegt gildi	Mjólkurbúð, byggingavörverslun og vinnustaður fyrir fatlaða.
Umhverfisgildi	Hluti götummyndar og hverfisheildar.
Upprunaleiki	Einungis fyrsta hæðin af 3 var byggð á sínum tíma (sjá fylgiskjal númer 2900)
Ástand	Nýlega endurnýjað og klætt með bárujárnsklæðningu.
Varðveislugildi	Hefur takmarkað varðveislugildi í nútíð.

Niðurstaða varðveislumats:

Ekki gerð sérstök tillaga um verndun húss (grænn)

Fyrsti eigandi Halldór Kristinsson

Hönnun Ókunnur



Frá fyrri tíð. Teikning af austurhlíð

Upphafleg notkun

Læknastofa
Skósmíðastofa
Íbúðarhús

2011. Ásýnd frá Aðalgötu

Upphafleg gerð húss

Tegund	Steinsteypt
Klæðning	Múrsléttað
Þakgerð	Risþak
Þakklæðning	Bárujárn
Undirstaða	Annað
Útlit	Tvílyft Kvistir Ris Útitröppur

Helstu breytingar**Hönnuðir breytinga****Saga**

Lengst af íbúðarhús og læknastofa. Einnig er heimild um skóvinnustofu í húsinu. Haraldur Böðvarsson & co var um tíma með aðstöðu fyrir starfsfólk sitt í húsinu. Nú er í húsinu félagsheimili og íbúðarhúsnæði.

Varðveislumat

Byggingarlist	Reisulegt íbúðarhús úr steinsteypu frá byrjun 20 aldar
Menningarsögulegt gildi	Íbúðarhús, læknastofa og skóvinnustofa
Umhverfisgildi	Hluti götummyndar og hverfisheildar
Upprunaleiki	Húsið er líklega lítið breytt að utan verðu. Núverandi klæðning rýrir útlit þess.
Ástand	Erfitt að meta en virðist þökkalegt
Varðveislugildi	Hefur varðveislugildi vegna byggingarlistar, menningarsögu og umhverfis

Niðurstaða varðveislumats:

Húsið er friðað sbr lög um menningarminjar nr 80/2012. Lagt er til hverfisvernd í deiliskipulagi (bleikur)

Fyrsti eigandi Þorsteinn Pétursson

Hönnun Ókunnur

Upphafleg notkun

Íbúðarhús
Verslun

1946/7. Ásýnd frá Vetrarbraut



2011. Ásýnd frá Aðalgötu

Upphafleg gerð húss

Tegund	Steinsteypt
Klæðning	Múrsléttað
Þakgerð	Brotþak(mansard)
Þakklæðning	Bárujárn
Undirstaða	Annað
Útlit	Tvilyft Ris

Helstu breytingar**Hönnuðir breytinga****Saga**

Hefur lengstum verið íbúðarhús. Þó var rekin mjólkursala á jarðhæð hússins til margra ára. Áfast þessu húsi stóð timburhús þar sem verslunin Heba var starfrækt af Gunnari Bíldal. Það hús var rífið í kjölfar bruna árið 1946.

Varðveislumat

Byggingarlist	Reisulegt steinsteypt hús með brotþaki (Mansard).
Menningarsögulegt gildi	Íbúðarhús og mjólkursala
Umhverfisgildi	Hluti götummyndar og hverfisheildar
Upprunaleiki	Lítið breytt - einkum norðan megin.
Ástand	Mjög gott
Varðveislugildi	Hefur varðveislugildi vegna byggingarlistar, menningarsögu og umhverfis

Niðurstaða varðveislumats:

Varðveisluverðar samstæður húsa og heildir. Lagt er til að vernda með hverfisvernd í deiliskipulagi (gult)

Fyrsti eigandi Gustav Blomquist (?)
Hönnun Líklega Guðmundur Guðmundsson

Upphafleg notkun Banki
 Íbúðarhús
 Skrifstofa



Frá miðbiki 20 aldar



2011. Ásýnd frá Aðalgötu

Upphafleg gerð húss

Tegund Steinsteyppt
Klæðning Múrsléttað
Þakgerð Brotþak(mansard)
Þakklæðning Bárújárn
Undirstaða Steinsteyppt
Útlit Fjórlyft

Helstu breytingar

Hönnuðir breytinga

Saga

Þetta var fyrsta húsið sem reis við Aðalgötuna og var í samræmi við nýtt skipulag Aðalgötunnar þar sem gömlu húsin ættu að víkja fyrir 4-5 hæða nýbyggingum. Hótel Hvanneyri var talið með finustu húsum bæjarins á sínum tíma.

Sparisjóðurinn var með starfsemi í þrjú áratugi. Hótel og veitingasala var þó rekin samhliða. Tónskóli Siglufrjóðar var þarna til húsa á 9 áratugnum en þá hafði Þormóður Rammí eignast húsið fyrir skrifstofur sínar. Í dag er húsið nýtt sem gistiheimili.

Varðveislumat

Byggingarlist Móðernismi
Menningarsögulegt gildi Hótel, skrifstofur, banki, tónskóli, íbúðarhús og gistiheimili
Umhverfisgildi Hluti götummyndar og hverfisheildar.
Upprunaleiki Hefur ekki tekið miklum útlitsbreytingum.
Ástand Mjög gott
Varðveislugildi Hefur varðveislugildi fyrir byggingarlist, menningarsögu og umhverfi.

Niðurstaða varðveislumats:

Varðveisluverðar samstæður húsa og heildir. Lagt er til að vernda með hverfisvernd í deiliskipulagi (gult)

Fyrsti eigandi Egill Stefánsson

Hönnun Ókunnur

Upphafleg notkun

Íbúðarhús, verslun,
járnsmiðja og
verksmiðja

Aðalgata 11 t.h. frá fyrri hluta 20 aldar



2011. Ásýnd frá Aðalgötu

Upphafleg gerð húss

Tegund Steinsteyp
Klæðning Múrsléttað
Þakgerð Mænisþak
Þakklæðning Bárújárn
Undirstaða Annað
Útlit Tvilyft
 Járnsmiðja
 Smíðaverkstæði
 Hjallur

Helstu breytingar

Hönnuðir breytinga

Saga

Lengst af var íbúð á efri hæð og margvísleg verslun og þjónusta á jarðhæð. Talsverð skúraþyrping byggðist til suðurs frá húsinu einskonar iðjuver fyrir margskonar stálsmiði. Þessi starfsemi leið undir lok í byrjun 7 áratugarins. Um tíma rak þýskur tannlæknir tannlæknastofu í húsinu. Fékk hann að starfa óáreittur þrátt fyrir nærveru bresks og síðar bandaríks herliðs.

Varðveislumat

Byggingarlist Steinsteyp bygging frá fyrsta áratug 20 aldar.
Menningarsögulegt gildi Mikil verslunar- og iðnaðarsaga tengist húsinu.
Umhverfisgildi Hluti götummyndar Aðalgötu og hluti hverfismyndar eyrarinnar.
Upprunaleiki Talsvert breytt
Ástand Gott
Varðveislugildi Hefur varðveislugildi vegna byggingarlistar, menningarsögu og umhverfis.

Niðurstaða varðveislumats:

Húsið er friðað sbr lög um menningarminjar nr 80/2012. Lagt er til hverfisvernd í deiliskipulagi (bleikur)

Fyrsti eigandi Ókunnur

Upphafleg notkun Íbúðarhús

Hönnun Ókunnur



2011. Ásýnd frá Aðalgötu



2011. Baklóð

Upphafleg gerð húss

Tegund	Timbur, bindingur
Klæðning	Bárujárn
Þakgerð	Risþak
Þakklæðning	Bárujárn
Undirstaða	Annað
Útlit	Einlyft Ris

Helstu breytingar

Hönnuðir breytinga

Saga

Lítið er vitað um eigendur og starfsemina í húsinu fram til 1940. Húsið er lengst af íbúðarhús en á 10 áratug 20 aldar var rekin verslunin Blóm og föndur í húsinu. Stuttu eftir að þeim rekstri var hætt tók listakonan Abbý húsið yfir fyrir listiðju og sölugallerí.

Varðveislumat

Byggingarlist	Merkileg heimild um smágernt timburhús með bröttu risþaki frá upphafi 20 aldar.
Menningarsögulegt gildi	Íbúðarhúsnæði, verslun, þjónusta og vinnustofa
Umhverfisgildi	Hluti götumyndar og hverfisheildar.
Upprunaleiki	Er upprunalegt að formi og yfirbragði.
Ástand	Þokkalegt
Varðveislugildi	Hefur mikið varðveislugildi vegna byggingarlistar, menningarsögu og umhverfis.

Niðurstaða varðveislumats:

Húsið er friðað sbr lög um menningarminjar nr 80/2012. Lagt er til hverfisvernd í deiliskipulagi (bleikur)

Fyrsti eigandi Sigurjón Benediksson

Hönnun Jón Jóhannsson

Upphafleg notkun

Íbúðarhús
Verslun

Frá miðbiki 20 aldar



2011. Ásýnd frá Aðalgötu

Upphafleg gerð húss

Tegund	Steinsteypt
Klæðning	Múrsléttað
Þakgerð	Geiraris
Þakklæðning	Bárujárn
Undirstaða	Steinsteypt
Útlit	Turn Kvistir Fjórlyft Svalir

Helstu breytingar

Hönnuðir breytinga

Saga

Byggt sem íbúðarhús og verslunar- skrifstofuhúsnæði á jarðhæð. Verslunin Raflýsing var þarna lengi. Síðar voru Samvinnutryggingar og VÍS með skrifstofu í húsinu og eru reyndar enn. Húsið vekur athygli fyrir stórborgarlegt útlit sitt sem skipulag Eyrarinnar gerði í raun ráð fyrir á sínum tíma.

Varðveislumat

Byggingarlist	Modernismi/skrautstíll
Menningarsögulegt gildi	Íbúðarhúsnæði og verslunarrými á jarðhæð.
Umhverfisgildi	Hluti götummyndar og hverfisheildar.
Upprunaleiki	Að mestu óbreytt en jarðhæð hefur verið breytt í íbúðarhúsnæði.
Ástand	Nýlega endurnýjað ytra útlit.
Varðveislugildi	Hefur varðveislugildi vegna byggingarlistar, menningarsögu og umhverfis.

Niðurstaða varðveislumats:

Varðveisluverðar samstæður húsa og heildir. Lagt er til að vernda með hverfisvernd í deiliskipulagi (gult)

Fyrsti eigandi Adolf Einarsson
Hönnun Einar Jóhannsson

Upphafleg notkun Íbúðarhús
 Verslun



Við upphaf núv. breytinga.



2011. Ásýnd frá Aðalgötu

Upphafleg gerð húss

Tegund Steinsteyp
Klæðning Múrsléttað
Þakgerð Risþak
Þakklæðning Bárújárn
Undirstaða Steinsteyp
Útlit Tvílyft

Helstu breytingar

Hönnuðir breytinga

Saga

Jafnan hefur verið búið á efri hússins en verslun og þjónusta hefur verið á jarðhæð. Vefnaðarverslun Gests Fanndal var þar til 1946. Bókaverslun Hannesar Jónassonar var þarna snemma á sjöunda áratugnum. Skrifstofur Þormóðs Eyjólfssonar, Eimskips og Sjóvárttrygginga voru þarna lengi. Núverandi eigendur hafa staðið fyrir miklum breytingum á húsinu.

Varðveislumat

Byggingarlist Modernismi (Upphaflegar fyrirætlanir um stærð hússins hafa ekki gengið eftir).
Menningarsögulegt gildi Verslun, þjónusta og íbúðarhúsnæði.
Umhverfisgildi Hluti götumyndar og hverfisheildar
Upprunaleiki Nýjustu breytingar á húsinu teljast umfangsmiklar og hafa fjarlægst upprunalegt útlit hússins.
Ástand Mjög gott - nýuppgerð 2011
Varðveislugildi Hefur takmarkað varðveislugildi í nútíð

Niðurstaða varðveislumats:

Varðveisluverðar samstæður húsa og heildir. Lagt er til að vernda með hverfisvernd í deiliskipulagi (gult)

Fyrsti eigandi Páll S Dalmar (?)

Hönnun Ókunnur

Upphafleg notkun

Íbúðarhús
Verslun

Aðalgata 16 árið 1919



2011. Ásýnd frá Aðalgötu

Upphafleg gerð húss

Tegund	Steinsteypt
Klæðning	Múrsléttað
Þakgerð	Mænisþak
Þakklæðning	Bárujárn
Undirstaða	Steinsteypt
Útlit	Tvilyft Svalir

Helstu breytingar**Hönnuðir breytinga****Saga**

Byggt sem íbúðarhús og verslun. Þektar verslanir sem þarna hafa verið til húsa eru m.a. Páll S Dalmar, Geislinn, Bókaverslun Hannesar Jónassonar og Skóbúð / fataverslun Óla Tór. Síðustu áratugi hefur eingöngu verið íbúðarhúsnæði í húsinu.

Varðveislumat

Byggingarlist	Reisulegt hús frá öðrum áratug 20 aldar. Húsið líður fyrir að vera áfast Aðalgötu 14 sem er byggt 1935
Menningarsögulegt gildi	Lengstum íbúðarhúsnæði og verslunarrekstur á jarðhæð
Umhverfisgildi	Hluti götummyndar og hverfisheildar
Upprunaleiki	Hefur misst fyrri glæsileik
Ástand	Þokkalegt
Varðveislugildi	Hefur varðveislugildi vegna byggingarlistar, menningarsögu og umhverfis

Niðurstaða varðveislumats:

Breytingar skal bera undir Minjastofnun, sbr lög nr 80/2012 um menningarminjar. Lagt er til hverfisvernd í deiliskipulagi (gult)

Fyrsti eigandi Guðmundur Hafliðason

Upphafleg notkun Íbúðarhús

Hönnun Ókunnur



2011. Ásýnd frá Aðalgötu



2011. Ásýnd frá baklóð

Upphafleg gerð húss

Tegund	Steinsteypt
Klæðning	Múrsléttað
Þakgerð	Valmaþak
Þakklæðning	Bárujárn
Undirstaða	Steinsteypt
Útlit	Einlyft Kjallari Útitröppur Útskot

Helstu breytingar

Hönnuðir breytinga

Saga

Að sögn eina húsið við Aðalgötuna sem ekki hefur verið nýtt undir verslun og þjónustu.

Varðveislumat

Byggingarlist	Þokkalegt dæmi um íbúðarhús frá öðrum áratug 20 aldar.
Menningarsögulegt gildi	Íbúðarhús eingöngu.
Umhverfisgildi	Hornhús - hluti götummyndar Norðurgötu og Aðalgötu. Nærri Þjóðlagasetri Bjarna Þorsteinssonar
Upprunaleiki	Líklega talsvert breytt
Ástand	Þokkaleg ytri ásýnd en það þyrfi að skoða undir klæðningu til að meta ástand betur.
Varðveislugildi	Hefur varðveislugildi vegna umhverfis

Niðurstaða varðveislumats:

Breytingar skal bera undir Minjastofnun, sbr lög nr 80/2012 um menningarminjar. Lagt er til hverfisvernd í deiliskipulagi (gult)

Fyrsti eigandi Sigfús Guðlaugsson / Matthías Matthíasson

Upphafleg notkun

Íbúðarhús
Annað

Hönnun Ókunnur



2011 Ásýnd frá Aðalgötu



2011 Ásýnd frá Norðurgötu

Upphafleg gerð húss

Tegund	Timbur, bindingur
Klæðning	Timbur
Þakgerð	Risþak
Þakklæðning	Bárujárn
Undirstaða	Hlaðin úr hraungrýti eða grjóti
Útlit	Ris Kvistir Útskot Útitróppur Einlyft Kjallari Port

Helstu breytingar

1998 Endurgerð uppr.l. útlits

Hönnuðir breytinga

Grétar Markússon

arkitekt

Saga

Talið byggt 1906 - kallað Skóara-húsið í upphafi en fær síðan ýmis nöfn sem tengjast eignarhaldi og notkun. Nöfn eins og Græna-húsið, Tynes-húsið. Um tíma var rekinn stýrimannaskóli í húsinu. Rétt fyrir 1960 var þar rekið veitingahúsið Borgarkaffi. Eftir það komst húsið í eigu Alþýðuflokksfélagsins á Siglufirði. Um tíma var radió verkstaði í kálfinum. Endurbygging hófst 1998.

Varðveislumat

Byggingarlist	Ágæt heimild um reisulegt timburhús í norskum stíl frá upphafi 20 aldar.
Menningarsögulegt gildi	Margvísleg menningarstarfsemi hefur verið í húsinu.
Umhverfisgildi	Hluti götummyndar og hverfisheildar.
Upprunaleiki	Húsið hefur nýlega verið fært í upprunalegt horf.
Ástand	Mjög gott.
Varðveislugildi	Hefur varðveislugildi vegna byggingarlistar, menningarsögu og umhverfis.

Niðurstaða varðveislumats:

Húsið er friðað sbr lög um menningarminjar nr 80/2012. Lagt er til hverfisvernd í deiliskipulagi (bleikur)

Fyrsti eigandi Andrés Hafliðason og Ingibjörg Jónsdóttir

Hönnun Ókunnur

Upphafleg notkun

Íbúðarhús

Verslun

Skrifstofa



2011. Ásýnd frá Aðalgötu



2011. Ásýnd frá baklöd

Upphafleg gerð húss

Tegund	Steinsteypt
Klæðning	Múrsléttað
Þakgerð	Risþak
Þakklæðning	Bárujárn
Undirstaða	Steinsteypt
Útlit	Tvilyft Kjallari Útitróppur Útskot

Helstu breytingar

Hönnuðir breytinga

Saga

Stuttu eftir að hafa reist húsið opnaði Andrés Hafliðason verslunina Fjallkonan. Lengst af var einnig skrifstofuaðstaða á 2 hæð þar sem Andrés var umboðsmaður Ólíuverslunar Íslands. Hann var jafnframt umboðsmaður Útvarpseinkasölu Ríkisútvarpsins um skeið. Andrés og kona hans Ingibjörg Jónsdóttir bjuggu í húsinu alveg fram til 1970.

Varðveislumat

Byggingarlist	Hefur gildi sem steinsteypt verslunar-, þjónustu og íbúðarhús frá byrjun 20 aldar.
Menningarsögulegt gildi	Verslun og þjónusta
Umhverfisgildi	Hluti götummyndar og hverfisheildar
Upprunaleiki	Lítið breytt
Ástand	Gott
Varðveislugildi	Hefur varðveislugildi vegna byggingarlistar, menningarsögu og umhverfis

Niðurstaða varðveislumats:

Breytingar skal bera undir Minjastofnun, sbr lög nr 80/2012 um menningarminjar. Lagt er til hverfisvernd í deiliskipulagi (gult)

Fyrsti eigandi: Jóakim Meyvantsson
Hönnuður: Ókunnur

Upphafleg notkun: Íbúð
Núverandi notkun: Íbúð / Menningarstarfsemi



Jóakimshús hægramegin við miðju



2017 Aðalgata 20 - norðausturhlíðar

Gerð húss:	Upphafleg:	Núverandi:	Helstu breytingar:	Hönnuðir breytinga:
Byggingarefni: Timbur, bindingar		Timbur, bindingar	2010 Bygginganevndarteikningar sem sýna endurbætur á húsinu	Sigurður Hlökkversson, Byggingatæknifræðingur
Útveggir: Bárújárn		Timbur		
Þakgerð: Mænisþak		Mænisþak		
Þakklæðning: Bárújárn		Bárújárn		
Undirstaða: Steinsteyp		Steinsteyp		
Útlit: Einlyft		Reykháfur		
	Reykháfur	Inngönguskúr (bíslag)		
	Inngönguskúr (bíslag)	Einlyft		
		Skriðkjallari		
		Útitróppur		

Saga Upphaflega húsið við Aðalgötu 20 - Njálshús byggt 1915 (Njáll Hallgrímsson). Heimild er um að Gestur Fanndal rak matvöruverslun í Aðalgötu 20 áður en hann flutti sig um set á Suðurgötu. Við verslunarplássinu tóku Sófus Árnason og sonur hans Sigurður með Litlu búðina sem áður var á Suðurgötu. (siglfríðingur.is / fréttabréf Siglfríðingafélagsins).

Húsið sem nú stendur var upphaflega byggt 1912 / 14 fyrir Jóakim Mayvantsson og fjölskyldu hans. Það stóð lengst af við Lindargötu 3c eða nálægt þeim stað þar sem kirkjutröppurnar eru núna. Til stóð að rífa húsið en áhugafólki um björgun þess tókst að afstýra þeim gjörningi. Var þess í stað flutt af grunni sínum undir lok 20 aldar, fyrst til geymslu á lóðina Norðurgötu 3 og sumarið 2011 á lóðina við Aðalgötu 20. Þar var húsið sett á nýjan steiptan grunn og lagfært á sem upprunalegastan hátt.

Varðveislumat:

Listrænt gildi / Byggingarlist:	Hátt	Dæmi um smáhýsi frá byrjun 20 aldar byggð af alþýðufólki.
Menningarsögulegt gildi:	Hátt	Vel varðveitt bygging sem gefur ágæta mynd af íbúðarhúsnæði fyrri hluta síðustu aldar.
Umhverfisgildi:	Miðlungs	Staðsetning og yfirbragð er ekki endilega í samræmi við núverandi götumynd Aðalgötu. Húsið fellur þó betur að götumynd Norðurgötu.
Upprunalegt gildi:	Hátt	Húsið er aðflutt og hefur verið lagfært sem næst upprunalegu útliti.
Tæknilegt ástand:	Hátt	Mjög gott.
Varðveislugildi:	Hátt	Hefur varðveislugildi vegna byggingarlistar og menningarsögu.

Verndarflokkar: Friðuð hús - fjóluþláb litur á korti / Varðveisluverð heild - gulur litur á korti

Fyrsti eigandi Ókunnur

Upphafleg notkun Verslun

Hönnun Ókunnur



2011. Ásýnd frá Aðalgötu



2011. Ásýnd frá baklóð

Upphafleg gerð húss

Tegund	Timbur, bindingur
Klæðning	Bárujárn
Þakgerð	Risþak
Þakklæðning	Bárujárn
Undirstaða	Hlaðin úr hraungrýti eða grjóti
Útlit	Einlyft Ris

Helstu breytingar

Hönnuðir breytinga

Saga

Lengst af íbúðarhúsnæði með verslun og þjónustu á neðri hæðinni. Vitað er um matvöruverslanir, bakarí og nú síðast efnalaug.

Varðveislumat

Byggingarlist	Ágætur fulltrúi timburhúsa frá öðrum áratug 20 aldar
Menningarsögulegt gildi	Íbúð á efri hæð - margskonar verslunarrekstur á jarðhæð
Umhverfisgildi	Hluti götumyndar og hverfisheildar
Upprunaleiki	Að mestu óbreytt - síðari tíma gluggabreytingar og viðbygging að sunnanverðu rýra ásýnd hússins.
Ástand	Sæmilegt
Varðveislugildi	Hefur varðveislugildi fyrir byggingarlist, menningarsögu og umhverfi.

Niðurstaða varðveislumats:

Varðveisluverðar samstæður húsa og heildir. Lagt er til að vernda með hverfisvernd í deiliskipulagi (gult)

Fyrsti eigandi: Örlygur Kristfinnsson

Hönnuður: Örlygur Kristfinnsson

Upphafleg notkun: Frístundir/sumarhús

Núverandi notkun: Sýningarhús með takmarkað stöðuleyfi



2017 Ásýnd frá Aðalgötu



2017 Ásýnd frá lóð Sæby hússins

Gerð húss:	Upphafleg:	Núverandi:	Helstu breytingar:	Hönnuðir breytinga:
Byggingarefni:	Timbur, bindingar	Timbur, bindingar		
Útveggir:	Timbur	Timbur		
Þakgerð:	Mænisþak	Mænisþak		
Þakklæðning:	Timbur klætt með torfi	Torf		
Undirstaða:	Steinsteyppt klætt með	Steinsteyppt		
Útlit:	Einlyft Inngönguskúr (bíslag)	Einlyft Inngönguskúr (bíslag)		

